

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

Reykjavík, 22. ágúst 2024
UST202408-130/S.A.J.
08.12.01

Efni: Umsögn - Ræktunarleyfi fyrir skeldýrarækt - Northlight Seafood ehf.

Vísað er til erindis Matvælastofnunar (MAST) er barst 15. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um nýtt ræktunarleyfi frá Northlight Seafood ehf. vegna skeldýraræktar í Hvammsfirði. Sótt er um ræktunarleyfi til flekaræktunar á kræklingi á svæðinu. Í samræmi við 9. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt óskar MAST eftir umsögn Umhverfisstofnunar varðandi það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdalýsing

Samkvæmt umsóknargögnum er meginmarkmið verkefnisins að þróa og hrinda í framkvæmd nýstárlegum aðferðum við ræktun á kræklingi sem mun gera kleift að rækta krækling við Ísland á mun hagkvæmari og öruggari hátt en með hefðbundnum aðferðum. Um er að ræða ræktun og framleiðslu á bláskel (*mytilus edulis*) á iðnaðarskala þannig að stærðarhagkvæmni verði náð. Um er að ræða sömu þrjú svæði og rekstraraðili fékk tilraunaleyfi fyrir árið 2022.

Breiðafjarðarnefnd

Umhverfisstofnun bendir á að umrætt svæði er í Breiðafirði sem er friðlýstur en um hann gilda lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja en lögin taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins. Sérstök nefnd, Breiðafjarðarnefnd, er umhverfisráðherra til ráðgjafar um vernd svæðisins. Umhverfisstofnun telur að leita ætti til nefndarinnar áður en ræktunarleyfi er gefið út.

Erfðafræðiáhrif og áhrif ræktunar á botndýralíf

Í umsókn kemur ekki fram hvert fyrirhugað framleiðslumagn er. Ræktunin mun fara fram á flekum þar sem línur liggja neðan úr flekunum og engin fóðrun mun eiga sér stað. Umhverfisstofnun telur að ef um lifur af svæðinu er að ræða sé ekki ástæða til að ætla að ræktunin valdi óæskilegum erfðafræðiáhrifum á krækling í firðinum.

Þar sem engin fóðurgjöf er fyrirhuguð telur stofnunin ekki ástæðu til að ætla að ræktunin hafi neikvæð áhrif á botndýralíf á ræktunarsvæðunum.

Virðingarfyllt,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,
teymisstjóri

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur